



FÉLAG PRÓFESSORA
VIÐ RÍKISHÁSKÓLA

Skýrsla stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2022-2023

Félag prófessora við ríkisháskóla er félag prófessora við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Í þessari skýrslu er starfsemi félagsins á starfsárinu 2022-2023 lýst.

Félagar í FPR

Virkir félagsmenn í FPR í apríl 2023 voru samtals 372.
Karlur voru 236 og konur 136 talsins.

Skipt eftir skólum.

LBHI: 8 prófessorar (5 karlar og 3 konur)
Hólum: 5 prófessorar (4 karlar og 1 kona)
HA: 26 prófessorar (18 karlar og 8 konur)
HÍ: 333 prófessorar (209 karlar og 124 konur)

Aldursdreifing félagsfólks:

Aldur	Fjöldi	Karlar	Konur
<40 ára:	2	1	1
40-49 ára:	66	40	26
50-59 ára:	135	90	45
60-69 ára	169	105	64
Samtals	372	236	136

Meðalaldur félagsfólks var 57.5 ár.
Hlutfall kvenna var 37 % og karla 63 %

Mörg mál komu til umræðu og afgreiðslu í stjórn félagsins á starfsárinu.

Húsnæðismál - vinnuaðstaða. Starfsumhverfi félagsfólks var í brennidepli á árinu. Samkvæmt viðmiðunarreglum Framkvæmdasýslu ríkisins, eins og þær birtast í “Nútímalegt vinnuumhverfi: Áherslur og viðmið í húsnæðismálum stofnanna (2020)”,¹

eiga allar stofnanir ríkisins að ganga í gegnum þarfagreiningu og notast við „fjölbreytt og sveigjanlegt rými“ (bls. 3) þegar nýtt húsnæði er hannað eða eldra gert upp. Það viðmið sem styr hefur staðið um segir: „Ekki skal gert ráð fyrir einkaskrifstofum starfsfólks nema sérstakar aðstæður krefjast“ (bls. 3). Háskóli Íslands fékk Hótel Sögu, nú Sögu, afhenta undir starfsemi Menntavísindasviðs sumarið 2022 og hófst handa við viðgerðir, hönnun og endurskipulag hússins. Samhliða hefur hönnun byggingar Lífvísindahúss við nýjan Landsspítala verið samkvæmt fyrirnefndum viðmiðum. Enn er óljóst hvort háskólar þurfa að notast við þessi viðmið mögulega að undanskildri Sögu vegna sérsamnings um það húsnæði, enda er húsnæði t.d. HÍ í séreignafélagi. Ríkið er þó vissulega eigandi þess í raun. Stjórn félagsins hefur ítrekað rætt málið og tekið það upp við stjórnendur skólans.

Krafa akademíks starfsfólks til næðisrýma og aðstöðu til að sinna flóknum rannsóknar- og vísindastörfum þar sem einbeitingar er þörf eru mun meiri og skýrari en flestra. Félagsfundur ályktaði um málið 2022 og minnst þrjár ályktanir voru samþykktar innan háskólanna á árinu um þessi mál (vísindaráð HVS, hópstjórar HVS og starfsfólk MVS). Ályktun um málið liggur fyrir aðalfundi FPR 2023. Að frumkvæði akademíks starfsfólks MVS var undirskriftasöfnun hleypt af stökkunum og skrifuðu rúmlega 600 manns undir. Að lokum samþykkti háskólaþing HÍ, sem er æðsta stjórnvald skólans, ályktun sem tók af allan vafa um stefnu háskólans í þessu máli.

Það er skýr stefna félagsins að félagsfólki standi til boða einkaskrifstofur og að það sé viðurkennt að háskólastarf sé á margan hátt ólíkt almennum skrifstofustörfum. Afstaða yfirstjórnar HÍ til þessa máls hefur vakið allnokkra furðu, enda snýst málið að mati félagsfólks um undirstöður gæða starfsins. Rannsóknir benda að auki til þess að verkefnaðið rými vinni gegn helgun, gæðum og heilsu akademíks starfsfólks. Félagið óttast að óboðlegar vinnuaðstæður muni valda því að fólk vinni frekar utan háskóla (þeir sem geta) sem aftur mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir gæði starfseminnar. Umrædd aðstöðumál geta að auki haft áhrif á nýliðun. Þessum staðreyndum hefur ítrekað verið komið á framfæri af stjórn félagsins, enda mikið hagsmunamál sem fylgja þarf eftir. Gríðarlega mikilvægt er að háskólarnir séu sjálfstæðir og taki ákvarðanir í sínum eigin málum.

Kennsluyfirvinna. Í ljós hefur komið að nokkur óvissa er enn um meðferð kennslu umfram vinnuskyldu hjá félagsfólki sem nýtur kennsluafsláttar, sem samið var um í síðustu samningum. Í stuttu máli færast kennsluafsláttur ef kenndur, yfir á næsta ár og gengur þá upp í kennsluuppgjör eins og hver önnur kennsla þess árs. Samkvæmt kjarasamningi er ekki hægt að færa meiri úppgerða kennslu á milli ára en sem nemur eins misseris yfirvinnupaki. Úppgerð kennsla, þ.e. kennsla umfram–yfirvinnupak ársins og leyfilegan flutning kennslu á milli ára fellur niður og kemur ekki til frekara uppgjörs.

Háskóli Íslands ákvað að útfæra ákvæði kjarasamningsins um kennsluafslátt með þeim hætti að væri kennt umfram kennsluskyldu myndist „inneign“ sem færast inn á næsta kennsluár. Þó þannig að aldrei færast fleiri tímar en svari til eins misseris yfirvinnupaks hjá viðkomandi starfsmanni. Fyrir þá sem eru í stöðuheitum Prófessor V-VIII nemur hámark yfirfæranlegrar yfirvinnu 210 tímum. Hafi starfsmaður skilað meiri yfirvinnu en sem því nemur myndast ekki greiðsluskylda hjá Háskólanum.

Samkvæmt stofnanasamningi er undantekning á reglunni. Undantekningin nær til þess tilviks þegar fyrir liggur skriflegur samningur milli deildarforseta og viðkomandi prófessors um að prófessorinn taki að sér kennslu umfram skyldu vegna óvæntra aðstæðna. Slíkar aðstæður geta verið óvænt veikindi deildarmanns við upphaf misseris eða önnur sambærileg tilvik þar sem erfitt er að bregðast við með öðrum hætti.

Prófessor getur einnig kosið að nýta sér ekki ákvæði kjarasamningsins um kennsluafslátt. Mikilvægt er að hafa í huga að í því tilviki er ekki greitt fyrir meiri kennsluyfirvinnu en sem nemur yfirvinnubaki (420-540 tímar á ári). Í því tilviki er ekki greidd út kennsluyfirvinna nema uppgjör kennslu á ári sé yfir 769 klst. Ekki er vikið frá þessu nema fyrir liggir undirritað samkomulag um tiltekna kennslu eins og fyrr segir. Samningur um svipaða útfærslu við HA er tilbúinn en óundirritaður.

Mikilvægt er að félagsmenn sem vilja nýta kennsluafsláttinn sem best skipuleggi kennslu sína með deildarforseta þannig að ekki sé kennt umfram kennsluskyldu að teknu tilliti til kennsluafsláttar. Tilgangur breytinganna og útfærslna á þeim eru að prófessorar geti einbeitt sér frekar að rannsóknum og viðameiri stjórnun en kennslu. Félagið hefur óskað eftir því að yfirstjórn HÍ skýri þetta betur fyrir deildum og sviðum reynist þörf á því.

Norrænir fundir - akademískt frelsi og gæðamat. Vorið 2022 var haldinn árlegur vinnufundur stjórna norrænna fagfélaga háskólakennara í Kaupmannahöfn. Meginhlutverk fundarins var að auka samvinnu og treysta hana. Umræðuefnið var fyrst og fremst akademískt frelsi og aðför að því. Félagin kynntu að auki launaumhverfi sitt. FPR og FH eru gestgjafar fundarins 12.-14. júní 2023 og efni hans verða laun og launakjör, auk þess sem sjónum verður beint að mati á gæðum kennslu og vísinda.

Laun ekki samkeppnishæf. Greiningar BHM á launum félagsfólks sýndu takmarkaða kaupmáttarþróun félagsfólks frá 2018. Samanburður við aðrar háskólamenntaðar stéttir sýndi að laun eru svipuð og meðallaun á almenna markaðnum en talsvert lægri en almennt gerist hjá sambærilegum starfshópum eins og handhöfum doktorsgráða. Sá tími og kostnaður sem fer í framhaldsmenntun félagsfólks og er forsenda ráðningar við íslenska háskóla ætti að skila sér í formi hærri launa en gerir það ekki. Umræddur samanburður byggði ekki á flóknum útreikningum eins og formenn FPR, FH og FHA gerðu grein fyrir í grein sinni á visi.is um þetta mál (Sjá: „Er enginn arðsemi af menntun háskólakennara“, 16. mars 2023).

Kröfugerð FPR 2023. Undirbúningur kjaraviðræðna hófst á því að yfirfara fyrri kröfugerð FPR og senda öllu félagsfólki með ósk um athugasemdir. Í kjölfarið var fullbúin kröfugerð send á allt félagsfólk. Í henni er kröfum skipt í kjaramál og aðstöðumál, þ.e. á aukið álag á félagsfólk og hvernig mætti bregðast við því.

Í kjaramálum hefur myndast óásættanleg staða í launamálum félagsfólks sem er m.a. afleiðing krónutöluhækkanna í síðustu samningum og þess krónutöluhámarks sem samninganefnd ríkisins setti fram að þessu sinni. Kröfugerðin var kynnt rektorum háskólanna, samninganefnd ríkisins og ráðuneytisstjóra ráðuneytis háskóla, iðnaðar og nýsköpunar.

Kjaraviðræður. Félagið tók þátt í kjaraviðræðum í samfloti með öðrum aðildarfélögum innan BHM. Niðurstaða þeirra voru skammtímasamningar þ.e. að mikilvægum málum var frestað til næstu kjaraviðræðna. Samninganefnd ríkisins gerði ófrávíkjanlega kröfu um tiltekið krónutöluhámark, sem var sú upphæð sem samið var um í fyrstu samningum á almenna markaðnum, þ.e. kr. 67.650.

Slíkt hámark kom illa út fyrir FPR og var mótmælt á öllum stigum samningaviðræðna. En viðmiðinu var ekki haggjað. Til að tryggja öllu félagsfólki sambærilega hækkun launa á árinu sem samningarnir ná til náðust fram breytingar á stofnanasamningum sem vinna upp á móti þeim skerðingum sem félagsfólk í hæstu flokkum varð fyrir vegna áðurnefnds hámarksviðmiðs. Launahækkanir eru þó enn lægri en verðbólga, miðað við spár og ekki er um kaupmáttarleiðréttingar að ræða vegna skerðinga undanfarinna ára. Næstu kjaraviðræður hefjast haustið 2023 og gert er ráð fyrir að þeir samningar verði til lengri tíma.

Kjarasamningar. Samninganefnd FPR undirritaði miðlæga samninginn með fyrirvara um samþykki félagsfólks. Atkvæðagreiðsla um samninginn fór fram dagana 15.-18. maí og var hann samþykktur. Kosningaþátttaka var um 57%. Rúmlega 80,7% samþykktu samninginn og 19,3% höfnuðu honum. Gildistími samningsins er eitt ár frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

Samninganefnd FPR skrifaði undir stofnanasamning við HÍ þann 8. maí 2023 og verið er að undirbúa undirskriftir við hina opinberu háskólanna þessa dagana.

Bókanir í kjarasamningum. Í fyrsta sinn funduðu stéttarfélögin á háskólastiginu (FH, FPR, FHA) sameinuð með samninganefnd ríkisins og lögðu fram sameiginlega bókun um mikilvægi frekari greiningar á þeim kostnaði er liggur að baki langskólanáms sem er forsenda fyrir akademískum stöðum og þeirri skerðingu á ævitekjum og þar af leiðandi lífeyrisréttindum sem langskólagengnir búa við. Ítrekað hefur verið í samningaviðræðum undanfarna mánuði að krafan um jöfnun launa milli markaða verði að taka mið af umræddu.

Jöfnun launa. Árið 2016 afsalaði opinbert starfsfólk sér talsverðum lífeyrisréttindum í þeim tilgangi að gera lífeyrismál sjálfbær. Eftir breytinguna var þess vænst að lífeyriskjör yrðu svipuð og á almenna markaðnum, þar sem laun eru almennt hærrí. Í skiptum fylgdi samningur um að jafna ætti laun milli markaða á innan við 10 árum. Nú fyrst, árið 2023, var gerður áfangasamningur, án raunverulegrar aðkomu FPR né annarra en formanns BHM, í þá átt að jafna laun ákveðinna stétta innan mennta- og heilbrigðiskerfis.

Stjórn FPR bókaði mótmæli sín við því að vera ekki þátttakandi í samkomulaginu. Lausn þessa máls var forsenda fyrir miðlægum kjarasamningum. Á næstu árum þarf að fylgja eftir jöfnun launa félagsfólks við laun fyrir svipuð störf (ábyrgð, vinnutíma, forsendur ráðningar) á almenna markaðnum, ef ekki með sambærilegum samningum eða launaþróunartryggingum, þá í kjarasamningum eins og kveðið er á um í upprunalega samningnum frá 2016.

Snjalltækjanotkun í starfi. Þær breytingar hafa orðið á starfsháttum innan háskóla að félagsfólk þarf að nota snjalltæki og snjallsíma í starfi sínu oft á dag t.d. við rafrænar undirskriftir, aðgang að gögnum, til að tengjast prófum og fleira sambærilegt. Þótt ólíkt sé milli háskóla hvort starfsfólki sé útvegaður umræddur tækjakostur er almenna reglan að svo sé ekki. Ein af kröfum félagsins var að lausn yrði fundin og það m.a. rætt í samráðsnefnd um kjaramál við HÍ. Við HÍ hefur nú verið ákveðið að rýmka heimildir til notkunar á rannsóknarfé félagsfólks þ.e. að nota megi 50 þúsund krónur árlega upp að 150 þúsundum á þriggja ára fresti til kaupa á snjalltækjum. Þetta fé er utan kjarasamninga og bagalegt að það takmarki rannsóknarsjóði félagsfólks að útvega nauðsynleg verkfæri til að sinna störfum sínum. Það er krafa félagsins að þessi kostnaður verði í framtíðinni færður í almennan rekstur skólanna.

Fjármögnun háskóla – ályktun. Í framhaldi af umræðu um fjármögnun háskólanna í fjárlögum samþykkti stjórn FPR ályktun með FH um vanfjármögnun háskólastigsins. Hún var rædd m.a. á Alþingi samdægurs og viðtal var tekið við formann FPR í útvarpsfréttum RÚV.

Almenn félagsstörf

Skrifstofa félagsins. Skrifstofa FPR er á Sögu, Bændahöllinni v/Hagatorg. Hún er opin alla virka daga frá kl. 9-13. Á vormisseri 2023 flutti starfsemin frá 2 hæð yfir á 3 hæð vegna framkvæmda í húsinu. Gengið er inn í húsið um aðalinnganginn sem snýr að Hagatorgi. Umræður hafa verið um að finna skrifstofunni betra og varanlegri stað. Stjórn FPR samþykkti að skoða möguleika þess að flytja með BHM, en heildarsamtökin eru í leit að öðru húsnæði fyrir sína starfsemi, auk þeirra aðildarféлага sem hafa deilt húsnæði með þeim.

Stjórnarstörf og fundir. Á starfsárinu voru haldnir 17 stjórnarfundir í FPR. Fundargerðir stjórnar voru gerðar opinberar í þeim tilgangi að auka sýnileika starfsins fyrir félagsfólki. Einnig voru haldnir fjarfundir með félagsfólki við HA vegna kennslu-afsláttar og með rektor HA. Formaður hitti að auki rektor HA og Háskólans á Hólum norðan heiða og rektor LBHÍ í húsnæði félagsins í Reykjavík. Óformlegir fundir voru haldnir með rektor HÍ á skrifstofu hans. Samninganefnd FPR fundaði með samráðsnefnd um kjaramál við HÍ og samninganefnd ríkisins, auk þess sem fjöldi funda var haldinn í húsnæði BHM um undirbúning kröfugerðar og vegna framgangs samningsviðræðna. Þá bauð BHM upp á námskeið fyrir trúnaðarmenn þann 23. febrúar 2023 og var það mjög fróðlegt. Formaður félagsins sat fund háskólaþings HÍ á haustmánuðum og Guðný Björk Eydal á vormánuðum. Formaður sat aðalfund BHM 2022.

Félagsfundir. Fundur var haldinn 16. mars 2023 í Veröld – húsi Vigdísar og í streymi á Teams. Efni fundarins voru kjaramál, kjarasamningar og kröfugerð FPR. Formaður fór yfir stöðu kjaraviðræðna ásamt kröfugerð FPR sem hafði verið send félagsfólki fyrir fundinn með ósk um athugasemdir. Vilhjálmur Hilmarsson hagfræðingur BHM kynnti stöðuna í kjaraviðræðum BHM við ríkið. Þá var kynningarfundur um kjarasamninginn haldinn 15. maí rafrænt á Teams. Formaður kynnti samninginn og var upptaka frá fundinum ásamt glærum sett á heimasíðuna til upplýsinga.

Kynningar formanns. Formaður sendi út tvær myndbandskynningar um launa- og húsnæðismál.

Starfsþróunarsjóður prófessora Í stjórn sjóðsins sitja eftirtaldir fimm fulltrúar: Frá FPR þau Gísli Már Gíslason, formaður stjórnar og Aðalheiður Jóhannsdóttir. Fulltrúar ríkisháskólanna eru Hafliði Pétur Gíslason frá HÍ og Kristinn Pétur Magnússon frá HA. Þá er fulltrúi frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Jökull H. Úlfsson. Starfsmaður sjóðsins er Lilja Þorgeirsdóttir framkvæmdastjóri.

Styrkjum úr sjóðnum fjölgaði á árinu 2022 borið saman við árið 2021 og er fjöldinn orðinn sambærilegur við það sem hann var árið 2019. Árið 2019 var úthlutað út sjóðnum samtals 194 styrkjum. Árið 2021 var fjöldinn mun minni vegna Covid eða um 53 úthlutanir. Árið 2022 fór fjöldinn í 186 og voru haldnir 6 úthlutunarfundir. Í lok apríl 2023 var búið að halda 3 úthlutunarfundi og afgreiða 59 umsóknir. Næsti úthlutunarfundur er áætlaður í júní, en 20 umsóknir höfðu borist þegar þetta er ritað. Í starfsreglum sjóðsins kemur fram að fundir stjórnar SP skuli vera að lágmarki þrisvar á ári. Fram kom ósk um að stytta ferli umsókna og samþykkti stjórn sjóðsins þann 25. nóvember 2022 að fjölga úthlutunarfundum í allt að 10 á ári.

Þann 19. febrúar 2021 var sett bráðabirgðaákvæði í starfsreglum sjóðsins vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Ákvæðið gildi til 1. mars 2023 og laut að framlengingu á tveggja ára tímamarki umsókna frá prófessorum á eftirlaunum en þeir geta sótt um styrk í allt að 2 ár eftir að þeir láta af störfum. Á fundi 25. nóvember 2022 var samþykkt að framlengja tímabilið enn frekar og taka mið af því þegar Covid faraldrinum lauk. Var það gert með þeim rökum að þeir hafi ekki getað nýtt sér sjóðinn vegna Covid-19 þar sem ferðum og viðburðum var frestað eða felldir niður á tímabilinu frá mars 2020 til mars 2022. Formaður sjóðsins lagði fram töflu með dagsetningum til að miðast við þegar ákvörðun um greiðslu styrkja er tekin. Í skjalinu kemur fram hvenær réttur til umsókna lýkur miðað við dagsetningu starfsloka.

Ástæða er til þess að óska eftir því að félagsfólk vandi umsóknir sínar til að auðvelda starf sjóðsins. Fram hafa komið gagnrýnisraddir þess efnis að óhagræði sé af því að greiða styrki eftir á þ.e. að fólk þurfi að leggja út fyrir ferðakostnaði og sækja um hann síðar. Með því að fjölga úthlutunarfundum sjóðsins er reynt að koma til móts við þetta óhagræði.

Aðventuboð emeríta. Emerítum var boðið á hinn árlega jólakvöldverð þann 23. nóvember 2022 í safnaðarhúsi Fríkirkjunnar, ásamt stjórn FPR. Formaður FPR sagði frá starfi félagsins og hvað væri efst á baugi í kjaramálum. Þá kynnti Kristín Svava Tómasdóttir sagnfræðingur og ljóðskáld bók sína „Farsótt. Hundrað ár í Þingholtsstræti 25“. Var gerður góður rómur af máli hennar. Þeir sem fá boð eru þeir sem áfram eru á póstlista félagsins þrátt fyrir að hafa látið af störfum en beiðni þar um þarf að berast skrifstofunni.

Nýr framkvæmdastjóri á árinu. Kristín Færseth lét af störfum sem framkvæmdastjóri félagsins eftir 14 ára starf. Við starfinu tók Lilja Þorgeirsdóttir, fyrrum framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins og starfsmaður HÍ. Kristínu er þakkað ómetanlegt starf fyrir félagsfólk á liðnum árum og Lilja Þorgeirsdóttir boðin velkomin til starfa. Er félagsfólk hvatt til að vera í meira sambandi við skrifstofu félagsins um hvaðeina er tengist launum og kjörum.

Tilnefningar í nefndir og ráð.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir, prófessor í fötlunarfræðum var skipuð sameiginlegur fulltrúi FPR og FH í Ráð um málefni fatlaðs fólks. Skipunartíminn hennar er þrjú ár eða til 30. júní 2025.

Amalía Björnsdóttir prófessor á Menntavísindasviði var skipuð fulltrúi FPR í siðanefnd HÍ til þriggja ára frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2025.

Kjörnefnd var skipuð af stjórn fram að aðalfundi 2023 og voru eftirfarandi:

Engilbert Sigurðsson, prófessor við Læknadeild, HÍ
Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor við Líf og umhverfisvísindadeild HÍ
Steinunn Hrafnisdóttir, prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ
Starfsmaður kjörnefndar, Lilja Þorgeirsdóttir framkvæmdastjóri

Trúnaðarfolk. Trúnaðarfolk félagsins er skipað stjórn félagsins. Þá skipa LBHÍ og Háskólinn á Hólum sinn hvorn trúnaðarmanninn. Bjarni Diðrik Sigurðsson lét af störfum sem trúnaðarmaður við LBHÍ en við tók Ása Aradóttir. Bjarni K. Kristjánsson var trúnaðarmaður við Háskólann á Hólum.

Samninganefnd FPR. Í samninganefnd félagsins voru eftirfarandi; Pétur Henry Petersen formaður, Hólmfríður Garðarsdóttir, Lilja Þorgeirsdóttir, Þóroddur Bjarnason (í upphafi) og Ólafur Páll Jónsson (í lokin).

Stjórn FPR starfsárið 2022-2023 skipuðu:

Pétur Henry Petersen HÍ, formaður
Hólmfríður Garðarsdóttir HÍ, varaformaður
Grétar Þór Eypórsson HA, gjaldkeri
Engilbert Sigurðsson HÍ, meðstjórnandi
Guðný Björk Eydal HÍ, meðstjórnandi
Ingibjörg Svala Jónsdóttir HÍ, meðstjórnandi
Ólafur Páll Jónsson HÍ, meðstjórnandi
Þóroddur Bjarnason HÍ, meðstjórnandi

Reykjavík, 22. maí 2023

Fyrir hönd stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla

Pétur Henry Petersen
formaður